



4. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2025 - 2026
haldinn fimmtudaginn 2. október 2025
Aðalbygging, A-230

Fundinn sátu:

Baldvin Zarióh formaður, Íris Davíðsdóttir, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Ármann Höskuldsson, Katrín Pálmadóttir Þorgerðardóttir, Ragna Kemp Haraldsdóttir (teams), Andri M. Kristjánsson (teams) og Kolbeinn Hólmar Stefánsson.

Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð, nema í öðrum lið dagskrár sem Íris Davíðsdóttir ritaði.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, 4. september 2025.
2. Samráðsnefndarfundur Fh og HÍ, dags. 24. sept. 2025.
3. Sameiningarnefnd Fh, FPR, FHA.
4. Vinnufundur stjórnar 13. október nk., frá 12 til 16.
5. Keldur niðurstaða.
6. Greiningarsjóður háskólafélaganna, ráðning og staða.
7. Fréttir af BHM.

Önnur mál:

- Árnastofnun stofnanasamningur.
- Ný launatafla vegna launatöfluauka.
- Vinnumatsjóður ofgreiðsla.

1. Fundargerð, 4. september 2025

Fundargerðin var samþykkt.

2. Samráðsnefndarfundur Fh og HÍ

Baldvin sagði frá fundinum.

- Ofgreiðsla úr vinnumatssjóði. Mistök í útreikningum á stigum hjá einstaklingum sem eru í hlutastarfi leiddu til ofgreiðslu úr sjóðinum, í launagreiðslu 1. september sl. Alls voru 75 einstaklingar sem þetta átti við. Þeim var tilkynnt strax um mistökin og að málið væri í skoðun hjá yfirstjórn HÍ. HÍ og Fjársýslan hafa reynt að finna lausn á málinu. Niðurstaðan var að draga frá alla skuldina í næstu launagreiðslu, en öllum hlutaðeigandi gefinn kostur á að leita til launadeildar til að gera samkomulag um endurgreiðsluna.
- Starfsaldur aðjunkta II. Málið hefur verið til umfjöllunar í samráðsnefnd og Félag háskólakennara gert athugasemdir við túlkun HÍ. Niðurstaða hefur náðst milli aðila, sem verður birt í stofnanasamningi.

- Námsleyfi. Félag háskólakennara sendi umsögn í júní sl. við fyrirhugaðar tillögur HÍ að breytingum á verklagsreglum um námsleyfi. Á fundinum var upplýst að HÍ mun taka tillit til umsagnar félagsins í mörgum atriðum.
- Starfsmatskerfið HERA. Fulltrúar HÍ upplýstu að vinna við nýtt kerfi hefur tafist og nú er miðað við upptöku kerfisins áramótin 2025 – 2026.
- Skaðvaldar skv. stofnanasamning aðila. Málið er á lokametrinum og nú þegar hafa verið auglýst námskeið sem eru m.a. ein forsenda þess að einstaklingar geta fengið umbun fyrir vinnu með skaðvalda. Aðilar sammála um að enn vantar nánari útlistun á útfærslunni s.s. eyðublað um umsókn. HÍ mun vinna að útfærslu þessa eyðublaðs á næstu dögum.
- Fæðisfé. Svo virðist sem nokkur sátt ríki um breytingar á fyrirkomulagi um fæðisfé og mataraðstöðu hjá starfsfólki HÍ. Mál þeirra einstaklinga sem starfa í húsi íslenskrar erfðagreiningar eru enn til skoðunar.
- Starfshópar skv. samkomulagi með stofnanasamningi. Boðað hefur verið til fundar í hópi um yfirvinnu í kennslu. Félagið lagði ríka áherslu á boðað verði til fundar í nefnd um launasetningu akademískra starfsmanna og hóp um laun og kjör doktorsnema.

3. Sameiningarnefnd Fh, FPR og FHA

Baldvin sagði frá fundi aðila. Þar var m.a. ákveðið að safna saman ýmsum upplýsingum vegna málsins og funda að að nýju þann 9. október.

4. Vinnufundur stjórnar 13. október

Í fundargögnum var m.a. tillaga að dagskráliðum fyrir vinnufund stjórnar, sem Íris hafði tekið saman. Málið rætt og ákveðið að stjórnarfolk skoði vel og komi með tillögur að fleiri dagskrárlíðum.

5. Keldur

Félag háskólakennara vann fullnaðarsigur í málinu. Keldur hefur fallist á kröfu félagsins og hlutaðeigandi hefur nú þegar fengið greitt í samræmi við hana.

6. Greiningarsjóður háskólafélaganna

Baldvin sagði frá stofnfundi sjóðsins sem haldinn var 15. september 2025.

Dagskráin var eftirfarandi:

- i) Samþykktir félagsins.
- ii) Kosning stjórnar.
- iii) Önnur mál.

Farið var yfir samþykktarnir og þær voru samþykktar.

Stjórnin var kosin eftirfarandi:

Baldvin formaður Félags háskólakennara er formaður,
Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessorar við ríkisháskóla er ritari
Hjördís Sigursteinsdóttir formaður Félags háskólakennara á Akureyri er gjaldkeri.
Þorkell Heiðarson formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga er meðstjórnandi.

Gengið hefur verið frá ráðningu Halldórs Valgeirssonar sem mun hefja störf 1. desember nk.

7. Fréttir af BHM.

Baldvin sagði að umbótaþópur BHM hafi nú þegar hafið störf.

Íris sagði frá breytingu í stjórn BHM.

Fulltrúar í samráðsnefnd Fh og Árnastofnunar mun funda 9. október nk.

Rætt var um að senda fréttabréf á félagsfólk á næstunni.

Launatöflur 1. september 2025 vegna launatöfluauka eru komnar á heimasíðu félagsins.

Fundi lauk kl. 13:30. Næsti fundur verður haldinn 6. nóvember nk.